

Minnisblað

Til: Bæjarráð
Frá: Steinar Darri Emilsson, verkefnastjóri tæknilausna og innkaupa, og Bryndísar Óskar Jónsdóttur, sviðsstjóra stjórnsýslu- og fjármálasviðs
Dags. 11. apríl 2025
Mnr. 2025020145



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað - Útboð upplýsingatækni

Bæjarráð samþykkti á fundi nr. 1316 þann 3. mars 2025 að fara í útboð á upplýsingatækniþjónustu Ísafjarðarbæjar, með samskonar fyrirkomulagi og nú þegar er til staðar, þó með uppfærðum tæknilýsingum og kröfum.

Óskað var eftir tilboðum og auglýst á TED, auglýsingavettvangi Evrópusambandsins og utbodsvefur.is í eftirfarandi þjónustuliði:

- Fjar- og vettvangþjónusta
- Hýsingar- og rekstrarþjónusta
- Netrekstur

Tilboð voru opnuð 07.04.2025.

Eftirfarandi tafla sýnir yfirlit yfir þátttöku og tilboð fyrirtækja miða við heildarkostnað ALLS í 36 mánuði með VSK í hverjum hluta útboðsins.

Bjóðandi	Fjar- og vettvangþjónusta	Hýsingar- og rekstrarþjónusta	Netrekstur
Origo	39.672.000 ISK	ógilt	37.756.260 ISK
Snerpa	40.564.556 ISK	32.340.412 ISK	34.432.488 ISK
Advania	70.993.411 ISK	28.847.313 ISK	63.491.328 ISK
Wise	80.474.052 ISK	35.867.035 ISK	65.473.776 ISK
Haraldsson Prod	56.070.000 ISK	–	–
Kostnaðaráætlun	48.750.968 ISK	25.935.659 ISK	47.695.860 ISK

Niðurstaða

Við vinnu málsins var nauðsynlegt að kalla eftir frekari skýringum og gögnum vegna nokkurra tilboða, til skýringa og staðfestingar á uppfyllingu krafa í útboðsgögnum. Þá komu fram atriði í tilboði Origo í hluta 2 (hýsing- og rekstrarþjónusta) sem leiddu til þess að ekki var unnt að leggja raunhæft og samanburðarhæft mat á tilboðið. Í tilboðsskrá Origo voru tveir kostnaðarliðir skráðir með einingarverðið 0 kr. Kallað var eftir skýringum hjá Origo og með hliðsjón af gögnum málsins var tilboð Origo í hluta 2 um hýsingar- og rekstrarþjónustu metið ógilt, með vísan til 82. gr., sbr. 81. gr. laga um opinber innkaup.

Lagt er til við bæjarráð að samþykkja eftirfarandi niðurstöðu í útboðinu:

- Fjar- og vettvangsþjónusta – Origo, fjárhæð kr. 39.672.000 ISK
- Hýsingar- og rekstrarþjónusta – Advania, fjárhæð kr. 28.847.313 ISK
- Netrekstur – Snerpa, fjárhæð kr. 34.432.488 ISK

Við töku tilboða er komið á samnings samband milli kaupanda og seljanda. Samningurinn gildir í 3 ár og er uppsegjanlegur af beggja hálfu með 6 mánaða fyrirvara, í fyrsta lagi 12 mánuðum eftir undirritun. Heimilt er að framlengja samning tvisvar sinnum um 1 ár í senn, séu báðir aðilar því samþykkir. Þar af leiðandi er heildarlengd samnings mest 5 ár.

Til frekari upplýsinga þykir rétt að upplýsa að sl. 12 mánuði hefur tekist að ná verulegum árangri í því að draga úr mánaðarlegum rekstrarkostnaði, sem þá nam 5.743.909 kr. Á tímabilinu fram að útboði tókst að ná fram umtalsverðri lækkun með markvissri hagræðingu og umbótum í verklagi. Útboð þetta styður enn frekar við þessa þróun, þar sem niðurstöður þess gera ráð fyrir að mánaðarlegur kostnaður geti lækkað í 2.859.772 kr., sem samsvarar um 50,2% lækkun frá stöðunni í maí 2024.

Þá er kostnaður samkvæmt útboði 102.951.801 kr. fyrir 36 mánaða tímabil, sem er um 15,9% lægri en gert var ráð fyrir í upphaflegri kostnaðaráætlun, sem nam 122.382.487 kr.

Ávinningurinn byggir því ekki einungis á útboðsferlinu, heldur á stöðugri kostnaðargreiningu, endurmati á þjónustupörf og fækkun verkefna sem krefjast utanaðkomandi sérfræðiaðstoðar. Ef samningsforsendur ganga eftir er heildarhagræðing metin á tæplega 35 milljónir króna á ársgrundvelli.